



Alþingi
Erindi nr. þ 132/119
komudagur 23.11.2005

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
 ICELAND CHAMBER
 OF COMMERCE

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2005.

Efni: Þingsáltill. um nefnd um færeyska fiskveiðistjk. (27. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem fjallar um að skipuð verði nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnkerfisins.

Tölувert hefur verið skrifað og fjallaðu um færeyska fiskveiðistjórnkerfið. Í greinargerð með þingsályktunartillöggunni segir að færeyingar hafi „...spjarað sig þokkalega almennt séð undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er...“ Þessi fullyrðing er röng, ekki síst í ljósi þess hruns sem orðið hefur í þorskstofninum við Færeyjar auk þeirra litlu arðsemi sem greinin skilar.

Markmið stjórnkerfisins er að hámarka arðsemi auðlindarinnar. Færeyingar búa, ólikt Íslendingum, við svonefnt sóknarmarkskerfi, sem byggir á að veiðar séu takmarkaðar við tiltekinn dagafjölda. Íslendingar búa hinsvegar við aflamarkskerfi sem byggir á að veiðar séu takmarkaðar við tiltekinn tonnafjölda. Aðeins í ljósi þessarar staðreyndar blasa kostir íslenska kerfisins við, enda hlýtur magn veiða að hafa áhrif á stofnstærð miklu fremur en tímalengd veiða. Sóknarmarkskerfi leiðir líka til óhagkvæmni með því að stuðla að offjárfestingu í greininni. Það er ekki vænlegt fyrirkomulag að binda í lög að dýrar fjárfestingar megi aðeins nýta tiltekinn dagafjöld á ári. Rannsóknir sýna að arðsemi færeysks sjávarútvegs er mun minni en hins íslenska.

Æ fleiri ríki hafa horfið frá sóknarmarkskerfi til aflamarkskerfis. Þar á meðal eru við Íslendingar en hér lendis var sóknarmarkskerfi í botnfiskveiðum um nokkurra ára skeið. Varð það raunin að yfirleitt var veitt miklu meira en ætlunin var og stofnanir þoldu. Stofnarnir

minnkuðu og efnahagsleg áhrif voru mjög slæm. Hefur þetta verið reynslan þar sem sóknarmarkskerfi er við lýði.

Algengur misskilningur er að brottkast sé ekki stundað í sóknarmarkskerfi. Í báðum kerfunum hefur útvegsmaður hagsmuni að því að færa að landi sem verðmestan afla. Útvegsmaður í sóknarmarkskerfi getur því líka freistast til að kasta brott smælki til að geta fært meira af stórum fiski að landi.

Af framansögðu er ljóst að gallar færeyska kerfisins eru miklir umfram kosti þess. Er vandséð að enn ein nefndin á vegum ríkisins muni varpa ljósi þar á. Er það ekki leggjandi á skattgreiðendur að standa straum af slíku. Þess vegna leggst Viðskiptaráð gegn því að slik nefnd verði skipuð.

Ef hinsvegar til skipunar nefndar af þessu tagi kemur, er mikilvægt að hægræn sjónarmið eigi þar fulltrúa. Höfuðmarkmið stjórnerfis fiskveiða er enda að hámarka arðsemi. Einnig er mikilvægt að hagsmunaaðilar eigi þar fulltrúa enda fara þeirra hagsmunir að öllu leyti saman við hagsmuni þjóðarbúsins. Hagsmunaaðilar hljóta að vilja hámarka arðsemi greinarinnar. Viðskiptaráð lýsir sig jafnframt reiðubúið til að taka þátt í stöfum nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,



Davið Þorláksson